

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um samþykkt rammasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA).

Frá 1. minni hluta utanríkismálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Högn S. Kristjánsson, Kristján Andra Stefánsson, Ástríði Jónsdóttur og Þorstein B. Björnsson frá utanríkisráðuneyti, Guðrúnu Þorleifsdóttur frá fjármálaráðuneyti, Ágúst Hjört Ingþórsson frá Rannsóknáþjónustu Háskóla Íslands, Gylfa Arnbjörnsson frá Alþýðusambandi Íslands, Sigurbjart Pálsson og Elías Blöndal Guðjónsson frá Bændasamtökunum Íslands, Snorra Björn Sigurðsson frá Byggðastofnun, Friðrik Friðriksson frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Halldór Jónsson frá Rannís og Ólaf Hjálmarsson og Ólaf Arnar Þórðarson frá Hagstofu Íslands. Þá barst nefndinni minnisblaðið Landsáætlun IPA 2011 frá utanríkisráðuneyti og umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Byggðastofnun, Bændasamtökum Íslands, Hagstofu Íslands, Landsambandi íslenskra útvegsmanna, Náttúrufræðistofnun Íslands, Persónuvernd, Rannís og ríkisskattstjóra.

Með tillögunni er leitað eftir heimild Alþingis til að samþykkja rammasamning milli ríkisstjórnar Íslands og framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um reglur um samstarf er varðar fjárhagsaðstoð ESB við Ísland innan ramma stuðningsaðgerða sjóðs er fjármagnar aðstoð við umsóknarríki ESB (IPA) sem undirritaður var 8. júlí sl. Samningurinn er gerður í samræmi við regluverk ESB og fjallar í stórum dráttum um viðtöku IPA-styrkja og eftirlit með ráðstöfun þeirra, en sams konar samningur hefur verið gerður við öll ríki sem sótt hafa um aðild að ESB eftir 1994, auk Tyrkja.

Í athugasemdum með tillögunni kemur fram að samningurinn geri ráð fyrir að öll aðstoð renni óskipt til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að styðja. Enginn hluti IPA-aðstoðar rennur því til að greiða skatta eða önnur opinber gjöld. Fjármálaráðherra hefur í þessu skyni lagt fram frumvarp um breytingar á skattalögum. Það er í samræmi við þá venju að alþjóðastofnanir gera samninga við yfirvöld þeirra ríkja (gistiríkja) sem þær eru staðsettar í um friðhelgisréttindi, t.d. um friðhelgi skrifstofuhúsnæðis, útsendra starfsmanna og undanþágur frá tollum, sköttum og öðrum opinberum gjöldum. Þetta er grundvallarregla í milliríkjasamskiptum sem byggist á gagnkvæmni. Hún gerir starfsemi sendiskrifstofa, alþjóðastofnana og ýmiss konar alþjóðlega aðstoð, þ.m.t. þróunaraðstoð, greiðari og ódýrari.

Samningurinn byggist á þessum sömu grundvallarsjónarmiðum. Þannig skulu einstaklingar sem ekki eru búsettir hér á landi en samið er við um að veita þjónustu eða vinnu sem fjármögnuð er af IPA-aðstoð ekki greiða tekjuskatt hér á landi af starfi sem unnið er á grundvelli slíks samnings. Að meginstefnu er því hér um að ræða sams konar réttindi og skyldur og almennt gilda gagnvart tæknilegu starfsliði sendiráða og alþjóðlegra stofnana sem hér starfa. Hinu sama gegnir um önnur opinber gjöld.

Þá eru í samningnum ýmsar heimildir til að hafa eftirlit með því hvernig styrkjum er varið. Þar er um að ræða sams konar eftirlit og endurskoðun á ráðstöfun fjármuna úr áætlunum ESB sem Ísland hefur veitt viðtöku á grundvelli EES-samningsins síðastliðin 18 ár.

Á fundi nefndarinnar kom fram að fjármagnsaðstoð við umsóknarríki var komið á til hjálpar fátækari ríkjum í Austur-Evrópu. Ísland þarf ekki á aðstoð að halda í neinum mæli í líkingu við þau ríki og fær einungis styrki úr einum af fimm flokkum IPA-styrkja. Vegna þess hve aðstoð við Ísland verður takmörkuð mun framkvæmdastjórn ESB annast stýringu hennar til einföldunar og hagræðingar. Af því leiðir að engar nýjar stofnanir þarf að byggja upp innan stjórnkerfisins til utanumhalds um styrkina hérlendis líkt og gert hefur verið í öðrum umsóknarríkjum.

Fyrsti minni hluti telur ljóst að skýran ramma þurfi um þá fjármuni sem koma í gegnum styrkjakerfið, óháð því hversu mörg eða umfangsmikil verkefni eru. Þau sjónarmið eru vissulega uppi að ekki eigi að taka við styrkjum í gegnum IPA en þó er ljóst að af einhverjum verkefnum verður og í fjárlögum 2012 er gert ráð fyrir á tekjuhlíð 400 millj. kr. vegna IPA-styrkja. Því er brýnt að afgreiða þingsályktunartillöguna en þess má geta að frumvarp fjármálaráðherra um nauðsynlegar breytingar á skattalögum hefur þegar verið afgreitt úr efnahags- og viðskiptanefnd.

Fyrsti minni hluti leggur til að tillagan verði **samþykkt óbreytt**.

Bjarni Benediktsson og Guðfríður Lilja Grétarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 26. apríl 2012.

Árni Þór Sigurðsson,
form., frsm.

Helgi Hjörvar.

Lúðvík Geirsson.

Róbert Marshall.